

daglegt líf

Allt í einu er barið að dýrum...

Það er ekki oft sem að bækur þróast í samvinnu þriggja höfundanna sem búa hver í sínu landinu. Sú er engu að síður raunin með Skrímslabækur þeirra Áslaugar Jónsdóttur, Kalle Güettler og Rakelar Helmsdal. **Soffía Guðrún Jóhannsdóttir** ræddi við þau.

Hin íslenska Áslaug, Svíinn Kalle og Færeyingurinn Rakel eru nýlega komin úr vinnubúðum í Borgarfirðinum þegar blaðamaður hittir þau að máli – þar unnu þau með þrjár nýjar hugmyndir eða þrjár bækur. Nýjasta bókin, Skrímsli í myrkrinu, segir frá því þegar myrkfælni grípur litla skrímslið og það leitar til stóra skrímslisins. Stóra skrímslið er jafnsannfært og það litla um að það sé hugrakktt og óttalaust – alveg þangað til skrytið hljóð berst utan úr myrkrinu.

„Við þekkjum öll þessar tilfinningar sem skrímslin í bókunum glíma við. Skrímslin okkar eru ekki hræðileg, þau eru góð. Þau eru alþjóðleg og frá byrjun vorum við ákveðin að vinna með skrímsli,“ segir Rakel.

Fyrri bækurnar um skrímslin tvö hafa hlotið viðurkenningar, m.a. Dimmalimm – íslensku myndskreytiverðlaunin og Barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkur. Þær hafa líka komið út í heimalöndum allra höfundanna: Íslandi, Svíþjóð og Færeyjum og hlotið miklið lof gagnrýnenda. Þriðja og nýjasta bókin fékk nýlega góða dóma í fagúmariti sænskra bókasafna þar sem segir: „Þetta er falleg bók sem fjallar um að í sameiningu sé hægt að yfirvinna alla hræðslu. Textinn er stuttur en innihaldsríkur. Myndir Áslaugar Jónsdóttur, glæsilegar og dökkar og hæfa vel tilfinningunni í textanum.“

Tengdust í skrímslaveröldinni

Höfundarnir þrír hittust fyrst fyrir sex árum í einhvers konar vinnubúðum á norræna menntasetrinu Biskops Arnö í Svíþjóð.

„Við fengum það verkefni að vinna með eina setningu og hún var: Allt í einu er barið að dýrum... Hægt er að segja að okkar farsæla samstarf hafi byrjað á þessari setningu. Okkur hefur gengið vel að vinna saman og alveg frá byrjun var eins og hugar okkar þriggja væru tengdir saman þegar kom að skrímslaveröldinni. Við vorum í skýjunum og nánast ölvuð af gleði í fyrstu vinnulotunni. Þetta gekk svo vel hjá okkur og það var svo gaman,“ sagði Kalle.

En hvaðan kemur innblásturinn? „Góð saga er



Morgunblaðið/Frikki

Við þekkjum öll þessar tilfinningar sem skrímslin í bókunum glíma við. Skrímslin okkar eru ekki hræðileg, þau eru góð.

Skrímslaaðdáendur „Alveg frá byrjun var eins og hugar okkar þriggja væru tengdir saman þegar kom að skrímslaveröldinni,“ segja Kalle, Áslaug og Rakel.

saga sem segir frá lífinu. Eitthvað sem þú hefur sjálfur upplifað sterkt. Þú færð hugmyndir allstaðar að. Sumt hefur áhrif á þig, annað ekki. Þú ferð út í búð, bíður í röð og horfir á fólk í kringum þig og sú ferð er efniviður, hafi hún snert einhverja strengi,“ segir Rakel.

Þau skrifa öll textann, en Áslaug sér um myndskreytingar og hönnun. „Hugmyndavinnan eru alltaf samvinna. Ég fæ ekki texta til að myndskreyta, heldur er þetta samstarf. Við erum ekkert sérstaklega viðkvæm fyrir því að skera burtu texta, allt er unnið jafn óðum; myndum hent út og textum hent út ef þess þarf,“ segir Áslaug. „Það er enginn yfirmaður, en þó er alltaf einhver einn sem á aðal hugmyndina að hverri bók. Við sökkvum okkur svo öll ofan í þá frumhugmynd og það gerir textann og myndirnar safaríkari; hvert einasta orð er krufið og rætt fram og tilbaka og heildarsagan skoðuð,“ segir Kalle.

Textinn er svo unnin á dönsku, íslensku, færæysku og sænsku og hugmyndin unnin út frá þessum fjórum tungumálum. „Við vinnum með fjögur tungumál á hverjum tíma.

Ólíkar áherslur og blæbrigðamanur á milli tungumálanna hafa nefnilega oft talsverð áhrif á söguna. Okkur finnst þess vegna ekkert mál að hafa þessa sveigju því að annars erum við farin að þýða,“ segir Áslaug.

Og samstarfið gengur að mestu vel. „Samstarfið gengur vel en við rífumst aðeins því við erum ólík,“ segir Rakel og Áslaug hlær og bætir við: „Þau rífast, Kalle og Rakel, en ég er í miðjunni.“

En það líka að þeirra mati mikilvægt að setta sig ekki við eitthvað sem enginn er í raun ánægður með. „Samstarfið snýst ekki um málamiðlanir heldur það að finna nýjar leiðir. Við vinnum alltaf af heilindum að hugmyndinni og hún skiptir höfundumáli, ekki það að fara einhverja sáttaleið,“ segja höfundarnir þrír að lokum.

